

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um umferðaröryggisaðgerðir í hverfinu

Á fundi íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts þann 13. desember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts óskar eftir upplýsingum um framkvæmdir í hverfinu. Annars vegar um tímalínu framkvæmda á gönguþverun við Norðlingabraut til móts við göngubrú yfir í Seláshverfi. Hinsvegar um það hvort fyrir liggi tillögur að nýrri gönguþverun yfir Elliðabraut. Hámarkshraði á Elliðabraut er 50 km/klst. Fjöldi barna í nýbyggingum við Elliðabraut 4-22 þarf að þvera götuna til þess að komast í skóla og tryggja þarf öruggt aðgengi að strætóskýli. MSS22120074

Var fyrirspurninni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann sama dag.

Svar:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. desember sl. var samþykkt lækun á hámarkshraða víðs vegar í borginni. Þar á meðal var samþykkt að lækka hámarkshraða á Elliðabraut í 30 km/klst. Skilti þess efnis verða sett upp á árinu 2023 og mun breytingin taka gildi við uppsetningu skiltanna.

Áætlað var að bjóða út aðgerðir við göngubrú núna á haustmánuðum en hönnun aðgerðarinnar tók lengri tíma en gert var ráð fyrir sem hefur tafið það verkefni. Stefnt er á að bjóða út þessar aðgerðir á næstunni og munu þær þá koma til framkvæmda næsta vor/sumar.

Undirbúningur er í gangi ágerð gangstétta og þverunaraðgerða við Elliðabraut. Vegna aðhaldsaðgerða hjá borginni er óvíst á þessum tímapunkti hvenær hægt er að fara í þær aðgerðir en vilji er fyrir því að fara í þessar aðgerðir við fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavíkurborg